



EFNI BLAÐSINS

Af stjórnarborði	1
Fréttatilkynning frá Félagi löggiltra endurskoðenda	2
Gæðaeftirlit meðal endurskoðenda	3
Frá endurskoðunarnefnd	6
Frá menntunarnefnd	7
Ýmis námskeið:	
• fyrir nema í endurskoðun	8
• á vegum Endurmenntunarstofnunar HÍ	8
• fyrir félagsmenn FLE	9
Hinsta kveðja.	9
Áhugaverðir úrskurðir	10
Áhugavert erlent lesefni og vefsíður	11
Áhugavert innlent lesefni og vefsíður.	11
Til sölu á skrifstofu FLE	11
Áhugaverðar heimasíður	12
International Accounting Standards 1999, incl. IAS 39.	12
IFAC Handbook 1999 Technical Pronouncements	12
Til hamingju með afmælið!	12

Af stjórnarborði

Breytingar á starfsumhverfi endurskoðenda

Starfsumhverfi endurskoðenda hefur verið að breytast hratt undanfarin ár. Fyrirtækin sem við þjónum stækka og eflast, sækja á erlenda markaði og þurfa því mörg hver viðtækari þjónustu en áður. Við sjáum að endurskoðunarfyrirtæki hér á landi hafa verið að stækka og nú er svo komið að um 40% félagsmanna starfa hjá þremur fyrirtækjum. Þessi fyrirtæki hafa stærðar sinnar vegna meiri möguleika til að þjálfa og endurmennta sitt starfsfólk, bæði endurskoðendurnar og þá sem eru í endurskoðunarnámi. Hlutverk FLE verður því enn mikilvægara en áður að sjá til þess að allir félagsmenn hafi jafna möguleika á endurmenntum og jafna möguleika á að þjálfa nema í endurskoðun. Þessu hlutverki sinnir FLE með öflugum endurmenntunarstarfi og hefur það að mínu mati aldrei verið nauðsynlegra en nú. Einnig tel ég að undirbúningsnámskeið þau sem FLE stendur fyrir nú á haustmánuðum fyrir nema sem hyggjast fara í löggildingarprófin á næsta ári séu mikið framfaraspör.

Endurskoðendur hafa í gegnum tíðina veitt viðtæka þjónustu fyrir sína viðskiptamenn, á sviði endurskoðunar, reikningshalds og ráðgjafar hvers konar. Þar hefur þjónusta endurskoðenda á sviði skattaráðgjafar verið mjög stór þáttur. Skattakærum og skattaráðgjöf hefur fram að þessu verið sinnt af endurskoðendum, en á undanförunum árum hafa ungir lögfræðingar valið sér



þann starfsvettvang að ráða sig til starfa til endurskoðunarfyrirtækja og sinna þar skattarétti og skattaráðgjöf. Okkur hefur verið fengur að því að fá til starfa þessa ungu lögmenn, sem margir hverjir hafa áður öðlast einhverja starfsreynslu í skattkerfinu. Með þessu er verið að breikka þekkinguna á stofunum og jafnframt skapast tækifæri fyrir lögmenn til að hasla sér völl á sviði sem þeir hafa almennt ekki haft áhuga á. Með þessu eru endurskoðunarfyrirtækin að leitast við að bæta þjónustu við sína viðskiptavini, auk þess sem þetta gefur ungum lögfræðingum ný tækifæri. Eitthvað hefur þetta farið fyrir brjóstið á formanni lögmannafélagsins og vandséð er hvaða hagsmuni hann er að verja, alla vega ekki hagsmuni hinna ungu lögmanna og lögfræðinga og því síður er hann með hagsmuni viðskiptavinanna í huga, sem augljóslega stendur til boða betri þjónusta en áður. Formaðurinn virðist hafa horn í síðu endurskoðenda, einhverra hluta vegna. Stjórn FLE hefur lagt áherslu á



góð samskipti við lögmannafélagið, m.a. má benda á sameiginlegt málþing, sem haldið var með lögmonnum að frumkvæði FLE og fjallaði um skattkerfið. Þetta var afar vel heppnað og vel sótt málþing, sem vakti athygli á báðum félögunum í fjölmiðlum og í þjóðfélaginu. Ég tel að hagsmunir endurskoðenda og lögmanna fari saman og því leitt til þess að vita að formaður lögmannafélagsins sjái ástæðu til að hnýta í okkur og ásaka okkur um óvönduð og ófagleg vinnubrögð.

Kynning á störfum endurskoðenda – nafn félagsins

Endurskoðunarnefnd félagsins hefur að undanförunni unnið að gerð bæklinga sem hægt verður að nota til að kynna störf endurskoðenda á sviði endurskoðunar og reikningshalds. Þar verður farið yfir áritunina, hvað hún þýðir, hver ábyrgð endurskoðenda er og hver ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtækjum er. Bæklingur þessi mun koma út í tengslum við haustráðstefnuna og aðalfundinn. Í framhaldi af þessari vinnu hafa skapast umræður um nafn félagsins. Á síðasta aðalfundi voru samþykktar nokkrar breytingar á samþykktum félagsins, m.a. sem leiddu af því að ný lög um endurskoðendur fjalla um endurskoðendur, en ekki „löggilta endurskoðendur“. Nafni félagsins var þó ekki breytt og heitir það ennþá „Félag löggiltra endurskoðenda“. Mörgum þykir nafnið vera orðið óþjálmt í ljósi þess að orðið „endurskoðandi“ er lögverndað starfsheiti. Spurningin er hvort ekki sé orðið tímabært að breyta nafni félagsins og gaman væri að heyra álit félagsmanna á því.

Framtalsskil fyrir-tækja og einstaklinga

Framtalsskil einstaklinga og einstaklinga með rekstur eru með þeim hætti

að um er að ræða eina álagningu á alla landsmenn um mitt ár og urðu endurskoðendur í vor varir við meiri stífniskattstofa, varðandi það að halda framtalsfresti, en oft áður. Framkvæmd framtalsskila fyrir lögaðila hefur verið með öðrum hætti sl. 2 ár þar sem framtalsfrestir hafa verið lengdir og álagningu seinkað fram á haustið. Þetta kerfi var sett á í samvinnu FLE og RSK og hefur að mínu mati virkað mjög vel.

Það kerfi sem við lýði er varðandi álagningu á einstaklinga og rekstraraðila er runnið sitt skeið á enda. Gallar þess eru ein álagning um mitt ár og þar af leiðandi stíf tímamörk. „Kvótakerfið“ sem sett var á í þessu sambandi hefur aldrei virkað. Breytingar í starfsumhverfi endurskoðenda kalla á breytingu á þessu kerfi: Kröfur fyrirtækja um að uppgjör liggi fyrir snemma árs þýða að ekki er hægt að hefja vinnu við framtöl einstaklinga með rekstur af neinu viti fyrr en í apríl-maí. Tímamörkin, þe. lok maí/byrjun júní, þýða afar mikið vinnuálag þegar farið er að vora og menn vilja draga úr vinnu. Í annan stað þá eru breytingar að verða varðandi vilja starfsmanna á endurskoðunarstofum til að vinna svo mikla yfirvinnu, og því erfitt að manna stofurnar nema hægt sé að bjóða upp á eðlilegt vinnu-umhverfi. Samkeppni er um starfsfólk við fjármálastofnanir og ýmsa aðra aðila sem ekki var áður.

Ef hægt er að dreifa þessu vinnuálagi þá þýðir það líka meiri hagkvæmni í rekstri endurskoðunarfyrirtækja. Fyrir ríkissjóð þýðir staðgreiðslufyrirkomulagið að mest allar tekjurnar eru komnar inn og má þá einu máli skipta þó lagt væri á í desember. Tæknilegar forsendur ættu að vera fyrir því að leggja á jafnóðum og framtöl berast og þannig gæti álagningin átt sér stað jafnt og þétt yfir árið með loka álagningu í desember.

Þorvarður Gunnarsson
formaður FLE.



Árni Tómasson kjörinn formaður Norræna endurskoð- endasambandsins

Aðalfundur Norræna endurskoðendasambandsins var haldinn nýlega í Kalmar í Svíþjóð. Á fundinum var Árni Tómasson endurskoðandi kjörinn formaður sambandsins til næstu tveggja ára.

Norræna endurskoðendasambandið er samband félaga endurskoðenda á Norðurlöndum og er Félag löggiltra endurskoðenda (FLE) aðili að sambandinu. Sambandið vinnur að ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum endurskoðenda á Norðurlöndum m.a. innan alþjóðasamtaka endurskoðenda og Evrópusambands endurskoðenda.

Árni Tómasson er meðeigandi í endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtækinu Deloitte & Touche hf. Hann var formaður Félags löggiltra endurskoðenda 1989-1991 og hefur síðan starfað mikið á vettvangi FLE, meðal annars í álitsnefnd og skattanefnd félagsins.

Reykjavík, 16. september 1999.

Gæðaeftirlit meðal endurskoðenda

Erindi Sveins Jónssonar endurskoðanda flutt á Endurskoðendadegi FLE, ráðstefnu Félags löggiltra endurskoðenda þann 21. apríl 1999

Inngangur

Ég ætla að gera hér í stuttu máli grein fyrir þróun og viðhorfum varðandi gæðaeftirlit meðal endurskoðenda hér á landi.


Ýmiskonar gæðaeftirlit í vöruframleiðslu hefur verið tíðkað um langan aldur og sama gildir um eftirlit á ýmsum þjónustusviðum enda þótt framkvæmd gæðaeftirlits sé almennt meiri vandkvæðum bundin í þjónustu en vöruframleiðslu. Eitt af einkennum nútímapjóðfélags er vaxandi eftirlitsstarfsemi sem að stórum hluta er unnin af fjölda opinberra eftirlitsstofnana. Mörgum þykir þessi þróun raunar hafa gengið úr hófi og hinn svokallaði opinberi „eftirlitsiðnaður“ sætir vaxandi gagnrýni. Æskilegt einkaframtak fer hins vegar vaxandi í þessum efnum og eiga seljendur vöru og þjónustu nú ýmsa möguleika á því að kaupa úttekt á stöðu gæðamála sinna hjá þar til bærum aðilum og geta ef rétt er að málum staðið fengið vottun um að þau mál fylgi viðurkenndum stöðlum sem settir hafa verið á ýmsum sviðum.

Þeir sem selja ýmiskonar faglega þjónustu, sem byggir á áralangri sérmenntun

og þjálfun, eiga sérstaklega mikið undir því að þjónustan njóti fulls trausts kaupenda og þjóðfélagsins í heild. Löggiltir endurskoðendur mynda eina af þessum faglegu starfsstéttum. Á seinni árum hefur verið gripið til víðtækra aðgerða víða um lönd í því skyni að tryggja gæði endurskoðunarþjónustunnar bæði með bættu innra eftirliti hjá endurskoðunarfyrirtækjunum og með því að taka upp svokallað ytra gæðaeftirlit en það getur verið skipulagt með mismunandi hætti. Eðlilega vaknar spurningin um það af hverju áhersla hefur verið lögð á að koma upp víðtæku gæðaeftirliti meðal endurskoðenda en ekki hjá ýmsum öðrum hliðstæðum fagstéttum.

Fagleg staða endurskoðenda er vissulega sérstök að því leyti að hefðbundinn kjarni í störfum þeirra er eftirlitsstarfsemi og gæðavottun, það er að segja vottun á gæðum fjárhagslegra upplýsinga. Einnhverjum gæti því dottið í hug sú skýring að auðvitað sé sérstök nauðsyn á því að stétt sem stundar gæðaeftirlit sæti sjálf utanaðkomandi gæðaeftirliti! En við skulum líta stuttlega á aðra og eigum við að segja alvarlegri og líklegri skýringu.

Mér sýnist að aðalskýringin á tilkomu ytra gæðaeftirlits meðal endurskoðenda tengist þeirri staðreynd að endurskoðendum hefur ekki gengið nægilega vel að skýra eðli og takmarkanir endurskoðunarþjónustunnar fyrir viðskiptavinum sínum og þjóðfélaginu í heild. Tilvist gæðaeftirlits styrkir stöðu endurskoðenda að þessu leyti og dregur úr líkum á því að kæruleysi fárra verði til að rýra álit stéttarinnar í heild. Minna má á að erlendis hafa á seinni árum komið upp nokkur stór gjaldþrota- og svikamál þar sem frammistaða endurskoðenda hefur sætt verulegri gagnrýni, með réttu eða



röngu. Með öflugum gæðaeftirliti er annars vegar stefnt að því að koma í veg fyrir mistök sem gefa tilefni til réttmætrar gagnrýni og hins vegar styrkir tilvist gæðaeftirlits málstað stéttarinnar í þeim tilvikum er óréttmætri gagnrýni er beint að störfum þeirra.

En þótt benda megi á skýringar á því að ytra gæðaeftirlit hafi verið tekið upp á sviði endurskoðunar fremur en á öðrum fagsviðum má jafnframt benda á staðreyndir sem ættu að gera utanaðkomandi gæðaeftirlit síður nauðsynlegt hjá endurskoðendum en sumum öðrum fagstéttum. Hér á ég fyrst og fremst við það langa og stranga nám og starfsþjálfun sem endurskoðunarnemar ganga í gegnum í hinum ýmsu löndum áður en löggildingu er náð. Hér á landi er meðalaldur þeirra sem fá löggildingu nú um 30 ár. Í sumum nágrannalöndum okkar er enn verið að auka þessar náms- og þjálfunarkröfur. Einnig þarf að hafa í huga í þessu sambandi að nú er komin í gildi hér á landi reglugerð um endurmenntun endurskoðenda en samkvæmt henni er þeim skylt að stunda endurmenntun að tilgreindu lágmarki.

Þessar staðreyndir, þ.e. langt og strangt nám og starfsþjálfun ásamt skyldubundinni endurmenntun og reglubundnu ytra gæðaeftirliti segja skýra sögu um eðli og mikilvægi endurskoðunarþjónustunnar í nútíma þjóðfélagi.

framhald á bls. 4



Þróun og staða gæðaeftirlits

Eins og áður sagði hefur víða um lönd verið gripið til víðtækra aðgerða til að bæta innra eftirlit og koma upp ytra gæðaeftirliti meðal endurskoðenda. Þegar ég tala um gæðaeftirlit hér á eftir á ég eingöngu við ytra gæðaeftirlit. Ég mun nú víkja að þróun og stöðu þessara mála hér á landi en þó fyrst fara nokkrum orðum um þróunina í nálægum löndum.

Á síðastliðnu ári gaf Evrópusamband endurskoðenda út yfirgrípiskjala skýrslu um þróun og stöðu gæðaeftirlits meðal endurskoðenda í löndum Evrópusambandsins og fimm öðrum Evrópulöndum. Í flestum þessara landa er gæðaeftirlit meðal endurskoðenda nú komið til framkvæmda og í svo til öllum tilvikum er eftirlitið framkvæmt á vegum viðkomandi fagfélaga. Gæðaeftirlit er ekki fyrir hendi í Austurríki, Grikklandi og Sviss og tekið er fram að svissneska félagið hafi ekki uppi áætlanir um að taka slíkt eftirlit upp í náinni framtíð. Á Ítalíu hefur gæðaeftirlitið til þessa takmarkast við þau 24 fyrirtæki sem endurskoða skráð hlutafélög auk sérstaks eftirlits með 14 stærstu endurskoðunarfyrirtækjunum. Í Portúgal var eftirlitinu til að byrja með beint að endurskoðendum skráðra hlutafélaga en hefur nú verið fært út til allra endurskoðenda. Gæðaeftirlit er framkvæmt hjá frændum okkar í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Finnland var síðast þeirra til að taka upp slíkt kerfi en það var gert í ársbyrjun 1998 með tilraunafyrirkomulagi í tvö ár.

Hér á landi hófu endurskoðendur að marki umræður um gæðaeftirlit fyrir tæpum 10 árum. Á fyrstu árum þessa áratugar stóð reikningsskilanevnd Félags löggiltra endurskoðenda fyrir skoðun á framsetningu nokkurs fjölda ársreikninga sem félagsmenn lögðu fram til skoðunar. Hér var um að ræða vísi að gæðaeftirliti innan félagsins en

af hálfu reikningsskilanevndar kom þó fram í upphafi að í stað þess að kalla þessar athuganir gæðaeftirlit ætti að nefna þetta „hlutlausu athugun á sam-anburðarhæfni ársreikninga“. Á árinu 1995 sendi endurskoðunarnevnd félagsins út spurningalista til félagsmanna með ýmsum spurningum um viðhorf þeirra til gæðaeftirlits og um vinnubrögð á tilteknum sviðum endurskoðunar. Gæðanevnd var síðan skipuð innan félagsins á árinu 1996 og var hún gerð ein af fastanefndum félagsins á síðastliðnu ári. Á árinu 1997 kynnti gæðanevndin framþróun gæðaeftirlits í öðrum löndum og á félagsfundi í nóvember síðastliðnum lagði nefndin fram frumhugmyndir að reglum um gæðaeftirlit meðal félagsmanna ásamt hugmyndum um framþróun eftirlitsins næstu fimm árin. Á sama fundi lagði endurskoðunarnevnd félagsins fram til kynningar tillögu sína um leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun en þar er um að ræða þýðingu á alþjóðlegum staðli um þetta efni. Skipuleg innri gæðastjórnun hjá hverju endurskoðunarfyrirtæki er að sjálfsgöðu sá grundvöllur sem árangur í gæðamálum hvílir á og gæðaeftirlit hlýtur að lágmarki að beinast að því að slík gæðastjórnun sé til staðar.

Hugmyndir gæðanevndar

Áðurnevnd skýrsla gæðanevndar FLE í nóvember 1998, og gögn sem fyrir liggja um áðurnevnd störf í nefndum félagsins, sýna að félagsmenn hafa lagt fram umtalsverða vinnu á þessu sviði á liðnum árum. Engu að síður höfum við þegar dregist nokkuð aftur úr flestum nágrannaþjóðum á þessu sviði. Félagsmenn þurfa nú að taka afstöðu til þess hvort þeir telji þær hugmyndir raunhæfar sem gæðanevndin lagði fram í nóvember síðastliðnum eða hvort rétt sé að fara að einhverju leyti aðrar leiðir. Ég tel nauðsynlegt að rifja þessa hugmyndir upp í meginatriðum.

Fyrst eru nokkur meginatriði úr hugmyndum nefndarinnar að reglum um gæðaeftirlit:

- Gæðaeftirlitið nái til könnunar á gæðastjórnun, sbr. leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun, og starfsaðferðum endurskoðenda. Jafnframt nái eftirlitið til skoðunar á tilteknum fjölda valinna endurskoðunarverkefna í samræmi við niðurstöður af skoðun á gæðastjórnun og starfsaðferðum.
- Gæðaeftirlitið nái til allra félaga FLE sem bera ábyrgð á endurskoðunar- og reikningsskilaverkefnum. Eftirlitið geti beinst að endurskoðunarframtæki í heild sinni ef um sameiginlegt gæðastjórnunarkerfi er að ræða.
- Gæðaeftirlitið nái að jafnaði til endurskoðenda á fimm ára fresti.
- Gæðanevnd beri ábyrgð á framkvæmd eftirlits og tilnefni gæðaeftirlitsmenn.
- Gæðaeftirlitsmenn taki saman skýrslu um niðurstöður sínar. Þeim sem eftirlitið beinist að gefist kostur á að koma á framfæri athugasemdum við skýrsludrög ásamt skriflegum athugasemdum við endanlega skýrslu og þær verði hluti af eftirlitsskýrslunni.
- Ef verulegir annmarkar koma í ljós skuli sá er eftirlitið beindist að útbúa áætlun um það hvernig viðkomandi hyggst gera endurbætur. Árangur sé metinn með nýrri skoðun.
- Bregðist aðili sem tekinn var til skoðunar ekki við með viðunandi hætti skuli gæðanevnd vísa málinu til álitsnevndar FLE.
- Gæðanevnd og gæðaeftirlitsmenn séu bundnir þagnarskyldu.
- Allir félagsmenn greiði sérstakt árgjald til að standa undir kostnaði við gæðaeftirlitið. Auk þess sé greitt fyrir gæðaeftirlitsheimsókn samkvæmt tímagjaldi sem ákveðið sé af stjórn FLE.



Síðan eru hér hugmyndir nefndarinnar um framþróun gæðaeftirlitsins næstu fimm árin:

1999

- Erlendur fyrirlesari sé fenginn til að kynna gæðaeftirlit á sérstökum félagsfundum
- Leiðbeinandi reglur um gæðastjórnun séu lagðar fram til samþykktar

2000

- Haldið sé námskeið í gæðastjórnun
- Sendir verði til félagsmanna einfaldir spurningalistar um gæðastjórnun
- Reglur um gæðaeftirlit verði lagðar fram til samþykktar
- Kynntar verði ítarlegar reglur um framkvæmd gæðaeftirlits

2001

- Reglur um framkvæmd gæðaeftirlits verði samþykktar af stjórn FLE
- Ítarlegir spurningalistar verði sendir út til félagsmanna

2002 / 2003

- Eiginlegt gæðaeftirlit hefjist með heimsóknnum í valin endurskoðunarfyrtæki

Almenn sjónarmið sem ráða afstöðu til hugmynda nefndarinnar

Þessar hugmyndir, sem eins og áður sagði voru settar fram í nóvember sl. af þáverandi gæðanefnd, byggja að sjálf-sögðu á þeirri forsendu að almennt séu félagsmenn þeirrar skoðunar að kominn sé tími til að taka myndarleg næstu skref í gæðaeftirlitsmálum. Kannanir á við-

horfum félagsmanna til þessara mála á liðnum árum benda til að verulegur stuðningur sé við framgang gæðaeftirlits innan félagsins. Núverandi gæðanefnd hlýtur að starfa í þeirri vissu að þessi stuðningur sé enn fyrir hendi og raunar hlýtur að mega ætla að stuðningur við framgang þessara mála fari vaxandi innan félagsins meðal annars í ljósi framþróunar í öðrum löndum.

Hitt er svo annað mál að á engan hátt er sjálfgefið að hvaða markmiði beri að stefna í þessum efnum til dæmis á næstu fimm árum og jafnframt þarf að leitast við að velja farsælustu leiðina að því markmiði sem sett verður. Ég ætla að nefna nokkur almenn atriði sem áhrif hafa á afstöðu manna í þessum efnum. Þrjú fyrsttöldu atriðin hvetja til skjótra og nokkuð víðtækra aðgerða en fjögur þau síðasttöldu renna stöðum undir þá afstöðu að fara að öllu með gát í uppbyggingu gæðaeftirlitsins.

- Gæðaeftirlit mun styrkja stöðu endurskoðenda hér á landi eins og raunin hefur orðið í öðrum löndum og þess vegna ber að koma því upp eins fljótt og hægt er.

Ekki er vafi á því að upptaka gæðaeftirlits meðal endurskoðenda hér á landi mundi styrkja stöðu stéttarinnar bæði gagnvart viðskiptaaðilunum og þjóðfélaginu í heild. Þótt íslenskir endurskoðendur hafi ekki sætt gagnrýni með sama hætti og gerst hefur sums staðar erlendis á seinni árum munu þeir vafalaust telja að gæðaeftirlitið þjóni mikilvægum tilgangi að þessu leyti.

- Íslenskir endurskoðendur þurfa að setja sér hliðstæð markmið á þessu sviði og þegar hafa náðst í flestum Evrópulöndum.

Stóraukin alþjóðleg þjónusta endurskoðenda gerir það að verkum að íslenskir endurskoðendur verða að gæta þess enn betur en áður að standa jafnfætis erlendum endurskoðendum í hvívetna. Sú staðreynd hvetur til skjótra aðgerða í gæðaeftirlitsmálum.

- Mikilvægt er að endurskoðendur sýni myndarlegt frumkvæði á þessu sviði til að draga úr líkum á því að opinberri eftirlitsstofnun verði falið gæðaeftirlit meðal endurskoðenda.

Samkvæmt lögum um endurskoðendur fer fjármálaráðuneytið með opinbert eftirlit með endurskoðendum en það eftirlit hefur ekki tekið á sig þá mynd gæðaeftirlits sem hér hefur verið fjallað um. Á þessari stundu virðist ekki líklegt að hið opinbera hefji aðgerðir á þessu sviði með svipuðum hætti og gerst hefur í Noregi en fljótt geta skipast veður í lofti og það hvetur endurskoðendur til að draga ekki að hefjast handa í gæðaeftirlitsmálum.

- Betra er að setja sér að ná hógværum markmiðum á hæfilegu tímabili og eiga góða möguleika á að ná þeim markmiðum í góðri sátt en setja sér að ná hærri markmiðum á skömmum tíma með verulegri hættu á ágreiningi og ófullnægjandi árangri.

Skoðanir eru sjálfsagt skiptar um þetta atriði en ég held að það sé nokkurt einkenni á okkur Íslendingum að vera fljótir til að samþykkja markmið og leikreglur en hafa minni áhyggjur af framkvæmd mála. Við megum ekki falla í slíka gryfju í gæðaeftirlitsmálum.

- Vegna aðstæðna sem leiða af fámenninu hér á landi þarf að þróa þessi mál hægar en í fjölmennari löndum.

Áhrif fámennisins hér á landi koma fram í ýmsum myndum. Upplýsingar geta borist með ótrúlegum hraða frá manni til manns og ef um er að ræða viðkvæmar upplýsingar um fyrirtæki eða persónur, sannar eða ósannar, getur slíkt haft alvarlegri afleiðingar fyrir viðkomandi aðila hér á landi en verða mundi í fjölmennari löndum. Þótt gæðaeftirlitið verði að sjálf-sögðu unnið á grunni fullrar trúnaðarskyldu má samt ætla að endurskoðendur hér á landi verði til að byrja með meira á varðbergi í þessu efni, bæði vegna eigin hagsmuna og hagsmuna viðskiptaaðila sinna, en á sér stað í öðrum löndum.

framhald á bls. 6



- Forðast ber tvíverknað á þessu sviði sem öðrum.

Tvíverknaður er mjög af hinu illa á hvaða sviði sem er. Tvíverknaðar gætir á ýmsum sviðum eftirlitsstarfa víða um heim, til dæmis á sviði eftirlits með fjármálastofnunum. Þegar rætt er um hættu á tvíverknaði á sviði gæðaeftirlits með endurskoðendum á ég til dæmis við þá staðreynd að alþjóðlegu endurskoðunarfyrtækin eru nú mjög að herða allt gæðaeftirlit með aðildarfyrirtækjum sínum. Mér finnst nauðsynlegt að taka tillit til þessarar staðreyndar við framkvæmd gæðaeftirlits með fyrirtækjum sem eru aðilar að alþjóðlegu samstarfi. Annað dæmi um tvíverknað er fyrir hendi þegar gæðaeftirlit meðal endurskoðenda er bæði framkvæmt af viðkomandi fagfélagi og af opinberum eftirlitsaðila eins og dæmi eru um.

- Gæðaeftirliti getur fylgt verulegur kostnaður. Óviðunandi er að þeir sem starfa við eftirlitið fái ekki fulla greiðslu fyrir störf sín.

Í áður nefndri skýrslu frá Evrópusambandi endurskoðenda kemur fram að áætla megi að heildarkostnaður við ytri eftirlitskerfi meðal endurskoðenda í 16 af þeim 20 löndum sem skýrslan nær til sé jafnvirði um 1,6 milljarður ísl. króna. Er þessi starfsemi þá verðlögð á áætlunðu kostnaðarverði en tekið er fram að þeir endurskoðendur sem að þessu vinni gefi í reynd vinnu sína að verulegu leyti. Slíkt fyrirkomulag finnst mér að nái ekki nokkurri átt. Þegar talað er um kostnað í þessu sambandi þarf að hafa í huga að vera kann að ytra gæðaeftirlit leiði til lækkunar á iðgjöldum í ábyrgðartryggingu endurskoðenda.

Niðurstöður

Þeir sem kjörnir voru í gæðanefnd félagsins í nóvember síðastliðnum munu vinna áfram að framgangi gæðaeftirlitsins í samvinnu við stjórn félagsins og félagsmenn alla. Nefndin hefur þegar rætt um þau almennu sjónarmið

sem þarf að hafa í huga við ákvarðanir um næstu skref, meðal annars þau atriði sem ég tæpti á hér á undan. Nefndin hefur hins vegar ekki á þessu stigi dregið saman niðurstöðu um hvort hún vill leggja til einhverjar breytingar á þeim hugmyndum um framþróun gæðaeftirlitsins sem nú liggja fyrir. Eins og ég benti á áðan er með ráðstefnunni í dag verið að framkvæma fyrsta atriði þeirra framkvæmdahugmynda sem fyrri gæðanefnd kynnti á fundinum í nóvember.

Ég veit að félagar mínir í gæðanefndinni hafa ekkert á móti því að ég nefni í lokin örfá atriði um þetta efni frá eigin brjósti. Ég er eindregið þeirrar skoðunar að við eigum að stíga umtalsvert skref í gæðaeftirliti með endurskoðunarþjónustunni eins fljótt og unnt er. Með því á ég við skref sem felst í meiru en að senda út einfalda spurningalista. Af ástæðum

sem ég nefndi hér á undan tel ég þó að heppilegt sé að fara fram með hæfilegri gát en það má einkum gera með því að til að byrja með nái eftirlitið aðeins til ákveðins flokks endurskoðunarverkefna og meiri áhersla verði í fyrstu lögð á viðræður milli eftirlitsmanna og viðkomandi endurskoðenda en á skoðun vinnupappíra og annarra gagna. Besta og mikilvægasta dæmið um flokk verkefna sem til álita kemur í þessu sambandi eru þau fyrirtæki sem skráð eru á Verðbréfabinginu.

Á gæðaeftirlitsmálum eru margar hliðar sem ekki hefur verið svigrúm til að gera að umtalsefni í þessu stutta erindi. Ég vona þó að þessi upprifjun og þær skoðanir sem ég hef sett fram megi verða gagnlegar við áframhaldandi umræður um þessi mikilvægu mál.

Sveinn Jónsson endurskoðandi

Frá endurskoðunarnefnd

Árlegur fundur endurskoðunarnefnda norrænu félaga endurskoðenda var haldinn í Stokkhólmi þann 2. júlí s.l. Fundinn sóttu tveir fulltrúar frá hverju Norðurlandanna. Fyrir hönd FLE mættu þau Guðríður Kristófersdóttir og Guðmundur Hjaltason. Á þessum fundum hefur verið skipst á skoðunum um þau málefni sem heyra undir nefndirnar, auk þess sem gerð er grein fyrir því sem unnið er að í hverju landi. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um það sem hin Norðurlöndin hafa verið að vinna að á síðasta starfsári:

Noregur

Á starfsárinu hafa verið sett ný lög í Noregi um endurskoðendur, reikningsskil og tvenn ný lög um hlutafélög. Starf nefndarinnar hefur að miklu leyti snúist um að skýra þær greinar laganna sem snúa að starfi endurskoðenda og fellur undir starfssvið hennar. Auk þess hefur hún fjallað um samhengi endurskoðunar- og ráðgjafþjónustu, en vegna tiltekens máls sem upp kom hefur þetta verið mikið í umræðu endurskoðenda þar í landi.

Finnland

Áfram var unnið að því að þýða alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana og ætlunin er að þeir gangi í gildi árið 2000. Auk þess hefur verið unnið að því að útfæra nánar gæðaeftirlit, en hingað til hefur það verið sjálfviljugt. Þá tóku ný bókhaldslög gildi og fór mikill tími í að skýra þær greinar sem tilheyra starfi endurskoðenda og falla undir starfs svið endurskoðunarnefndar þarlendrar.

Danmörk

Unnið hefur verið að þýðingu og aðlögun á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum og nýir staðlar um svik, skattamál og vinnupappíra gengu í gildi. Nokkur andstaða var við fyrst nefnda staðalinn, sérstaklega frá stærri endurskoðunarskrifstofum, og bentu andmælendur á að í staðlinum væri ekki nægjanlegur greinarmunur gerður á milli „fraud“ annars vegar og „error“ hins vegar. Gefin var út ný bók sem endurskoðunarnefndin tók þátt í að semja, kölluð „Bláa bókin“, en



hún skýrir ýmislegt sem að starfi endurskoðenda snýr og almenningur mætti vita. Þá hefur nefndin unnið að gerð nýrra reikningsskjalalaga í Danmörku í samráði við ýmsa aðra, bæði innan og utan endurskoðendafélagsins.

Svíþjóð

Líkt og í Noregi tóku gildi ný lög um hlutafélög og nýjar reglur um peningaþvætti. Unnið var að því að skýra það sem skýra þurfti. Jafnframt var unnið að lagasmíði eða -betrun, því ætlunin er að setja ný lög um bókhald, sem taka eiga gildi um aldamótin, og ný lög um endurskoðendur. Nefndarmenn sögðu að síðarnefndu lögin eigi að gilda um alla þá sem vinna við endurskoðun, ekki aðeins löggilta endurskoðendur. Þá var haldið áfram vinnu við að þýða alþjóðlegu endurskoðunarstaðlana og er gaman að segja frá því að þeir hafa átt í erfiðleikum með að þýða „Without material misstatement“. Þetta var þýtt á íslensku sem „Án verulegra annmarka“ en það var víst erfið fæðing. Svíarnir hafa fundið eitthvað á sænsku sem þeir eru þó ekki ánægðir með og ætla að reyna áfram að finna viðeigandi þýðingu. Íslenska þýðingin kemur þeim víst ekki að gagni!

Fróðlegt er þó að sjá að störf nefndanna snúast í meginatriðum um svipað efni, þó hægar gangi hjá mörlandanum. Ástæðan er sú að nefndir hinna Norðurlandanna hafa launaða starfsmenn, menntaða endurskoðendur, sem vinna að verkefnum í samráði við nefndarmenn. Starf nefndarmanna felst því meira í að ákveða hvað skal gera, fara yfir það sem gert hefur verið og að samræma sjónarmið.

Endurskoðunarnefnd hefur lítið starfað á þessu starfsári, en með lækandi sól stendur vilji til að bretta upp ermar og semja bækling um störf endurskoðenda. Þýðandi hefur unnið við að þýða „Bláu bókin“ dönsku, sem minnst er á hér að framan, og er ætlunin að hafa hana til hliðsjónar. Gangi verkið vel ætti lappi um störf endurskoðenda, á íslensku, að verða tilbúinn fyrir aðalfund félagsins í haust.

Endurskoðunarnefnd FLE.

Frá menntunarnefnd

Endurmenntun

Félagsmenn FLE spyrjast af og til fyrir um gildistöku reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda, sem og einingasöfnunina. Þessu er til að svara að þann 1. janúar 1999 hófst fyrsta þriggja ára endurmenntunartímabil endurskoðenda.

Í 1. grein reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda, sem sett var með heimild í lögum um endurskoðendur nr. 18/1997 segir m.a.:

„Endurskoðandi sem hefur ekki lagt inn réttindi sín sbr. 6. mgr. 7. gr. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur skal á hverju þriggja ára tímabili sækja endurmenntun sem svarar til 90 eininga, sbr. 2. mgr. Heimilt er að víkja frá þessu ef sérstaklega stendur á samkvæmt ákvörðun ráðherra.

Einingar skulu reiknaðar sem hér segir:

- | | |
|---|----------|
| a) Fundir og námskeið á vegum Félags löggiltra endurskoðenda: | Einingar |
| Hálfsdags námskeið eða ráðstefnur | 7,5 |
| Heilsdags námskeið eða ráðstefnur | 15 |
| Önnur fagnámskeið og fræðslufundir | 1,5 |
| b) Námskeið um endurskoðun, reikningsskil og skattamál | 1,5 |
| c) Önnur fagnámskeið | 1.25 |

Teikið er fram í reglugerðinni að endurskoðandi skuli skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlesturum á eyðublað sem FLE útbýr og skila því til skrifstofu félagsins fyrir 31. janúar ár hvert. FLE heldur skrá yfir einingafjölda hvers endurskoðanda og tilkynnir ráðherra um þá sem uppfylla ekki ákvæði reglugerðarinnar. Endurskoðandinn greiðir kostnað vegna endurmenntunar sinnar og upplýsingar um endurmenntun einstakra endurskoðenda eru trúnaðarmál. Félagsmenn eiga allir að hafa fengið eyðublað fyrir ein-

ingasöfnun, en ef ekki þá eru þeir beðnir að hafa samband við skrifstofu FLE.

Með vísan til þessa er krafa á hendur FLE um námskeiðahald þó nokkur og hafa námskeið á vegum félagsins verið vel sótt. Nú á haustdögum verður farið af stað með tvö námskeið þar sem þátttaka verður takmörkuð við 15-20 manns. Stefán Svavarsson hefur tekið að sér að hafa umsjón með þessum námskeiðum. Gert er ráð fyrir að hvort um sig taki um 3 klst. en þau verða haldin að Suðurlandsbraut 6 í sal framan við skrifstofu FLE.

Fyrra námskeiðið verður haldið 21. október kl. 15.00 og verður þar fjallað um tekjuskattsskuldbindingu. Fyrir námskeiðið verður þátttakendum sent verkefni til úrlausnar. Á námskeiðinu verður farið yfir verkefnið og niðurstöður ræddar.

Síðara námskeiðið verður haldið 18. nóvember kl. 15.00 og verður þá fjallað um sameiningu félaga og meðferð eigin fjár í ársreikningum. Hvort námskeið fyrir sig gefur 4,5 einingar.

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á námskeið fyrir nema á endurskoðunarskrifstofum sem lokið hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslutíma.

Viðræður hafa verið í gangi við Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands um fyrirhuguð námskeið fyrir endurskoðendur sem stofnunin kemur til með að bjóða upp á á haustmisseri. Með vísan til b) liðar í áður nefndri reglugerð þá gefur hver kennslustund þar 1,5 einingu.

Haustráðstefna

„Nýir straumar á Nýrri öld“ verður yfirskrift haustráðstefnu FLE sem haldin verður dagana 4. og 5. nóvember nk.

Tækniþróun nútímans auðveldar samskipti og breytir um leið því starfsumhverfi sem við erum vön. Viðskipti fara í auknum mæli fram með rafrænum hætti,

framhald á bls. 8



viðskipti með hlutabréf kalla á tíðar og áreiðanlegar upplýsingar og fyrirtæki starfa ekki lengur aðeins í sínu heimalandi. Í kjölfar alls þessa verða óhjákvæmilega breytingar á starfsaðferðum og hlutverki endurskoðandans.

Á fyrra degi ráðstefnunnar, sem verður í Salnum í hinu glæsilega Tónlistarhúsi Kópavogs, verða margvísleg málefni til umfjöllunar og ber þar fyrst að nefna rafræn viðskipti og upplýsingar á veraldarvefnum. Stöðugt færast í vöxt að menn eigi viðskipti sín á milli með aðstoð tölvubúnaðar og án þess að hefðbundin pappírsskráning fari fram. Þessi þróun hefur opnað gífurlega möguleika í viðskiptum bæði hvað varðar hraða og útbreiðslu. Hins vegar hafa menn haft nokkrar áhyggjur af öryggi í slíkum viðskiptum. Þá eru upplýsingar af ýmsum toga öllum aðgengilegar á veraldarvefnum og hraðar en nokkru sinni. Innlendir og erlendir fyrirlesarar munu taka þessi mál til umfjöllunar.

Þá verður fjallað um það ósamræmi sem gættir í reikningsskilareglum, hvort verðbólguþróun eigi enn rétt á sér, hvort ársreikningar gefi þær upplýsingar sem lesandinn þarfnast og loks um íslenskt skattaumhverfi í samanburði við skattaumhverfi annarra landa.

Síðari hluti ráðstefnunnar fer fram föstudaginn 5. nóvember í Víkingasal Hótelis Loftleiða. Þar verður fjallað um breytt starfsumhverfi endurskoðanda. Flestum endurskoðendum er ljóst að örar breytingar á nær öllum sviðum samfélagsins kalla á breytingar á störfum þeirra og starfsumhverfi. Þessar breytingar snúa að starfinu sjálfu, samkeppni um viðskiptavinum og starfsfólki, samkeppni við aðrar stéttir, breyttum viðhorfum til vinnu og fjölskyldu, aukinni þörf fyrir menntun og símenntun og svo mætti lengi telja. Fyrirhugað er að skoða þessi mál frá ýmsum sjónarhornum.

Að ráðstefnu lokinni verður sameiginlegur hádegisverður þar sem Óli Björn Kárasón ritstjóri DV mun flytja erindi. Félagsmenn mega því vænta fræðandi og

Ýmis námskeið



Tilkynning um námskeiðahald fyrir nema í endurskoðun

Að ráði hefur orðið að FLE bjóði nemum á endurskoðunarstofum að sækja námskeið á vegum félagsins til undirbúnings fyrir próf til löggildingar í endurskoðun. Að þessu sinni verður boðið upp á námskeið til undirbúnings prófunum í gerð reikningsskila og reikningsskilafræðum. Skilyrði til þátttöku er að nemarnir hafi starfað a.m.k. í tvö ár að loknu bóklegu námi frá Háskóla Íslands.

Fyrirkomulag námskeiðsins verður með þeim hætti að farið verður yfir verkefni sem leiðbeinandi á námskeiðinu leggur fyrir. Samkvæmt því verður ekki um fyrirlestra að ræða en rætt verður um þau álitafæni sem fyrir koma í verkefnum. Gert er ráð fyrir að námskeiðið sé einkum fyrir þá sem hyggjast þreyta próf til löggildingar á næsta ári. Fáist nægilega þátttaka hefst námskeiðið í byrjun október og verða vikulegir fundir haldnir í húsnæði félagsins seinni hluta dags, eins og nánar verður tilkynnt síðar. Leiðbeinandi verður Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi. Þeir sem hafa áhuga á að sækja námskeiðið eru beðnir að skrá sig á skrifstofu FLE sem fyrst.

skemmtilegrar ráðstefnu og hvetur menntunarnefnd alla til að mæta. Síðdegis þann 5. nóvember verða haldnir félags- og aðalfundur og loks verður árs- hof félagsins að kvöldi sama dags.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands

– Námskeið í boði.

161. Notkun upplýsingatækni við skattframtöl og ársreikninga

Ætlað endurskoðendum, aðalbókurum stærri fyrirtækja, bókhöldurum og starfsfólki á endurskoðanda- og bókhaldsskrifstofum. Kynnt notkun hugbúnaðarkerfisins „Stjórnkerfi, uppgjör- og skjalavistunarkerfi“ sem sérstaklega er sniðið að þörfum endurskoðunar- og bókhaldstofa. Sérstaklega farið yfir notkun og möguleika skattskilahluta kerfisins með áherslu á rafræn skil framtala til skattýfirvalda. Einnig: Notkun EXCEL-fjölva þar sem niðurstöður bókhalds eru yfirfærðar úr bókhaldskerfum í fjölvann og þar lokið við framsetningu ársreiknings á einfaldan hátt. Ein.: 36.

Kennarar: Ingimundur Helgason bókhaldari og Ragnar Guðgeirsson löggiltur endurskoðandi.

Tími: 11.- 13. okt. og 1.-3. des.

kl. 8:30-12:30. Verð: 28.000 kr.

Skattaréttur: Fræðileg og hagnýt atriði

- Þrjú sjálfstæð námskeið

Verð: 5.900 kr. hvert námskeið,

162. Skattskyldar tekjur og frádráttarliðir einstaklinga og rekstraraðila

Farið verður almennt yfir skattskyldu

Endanleg dagskrá hefur verið send út og er athygli vakin á að hausráðstefnan gefur 15 einingar samkvæmt endurmenntunareglugerðinni.

Menntunarnefnd FLE.



tekna og helstu frádráttarliði einstaklinga og rekstraraðila við uppgjör til skatts, samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Reifaðir dómar og úrskurðir yfirséðar. Ein.: 5,25. Kennari: Ingvar J. Rögnvaldsson lögfræðingur hjá skattstjóranum í Reykjavík. Tími: 8. nóv. kl. 8:30-12:00.

163. Stjórnsýsla og málsmeðferð í skattamálum

Málsmeðferð hjá skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirséðar, m.a. álagning opinberra gjalda, endurákvörðun álagningar, tímamörk endurákvörðunar, upplýsingaskylda, viðurlög, kæruleiðir og kærustig. Fjallað um nýleg lög um bindandi álit í skattamálum nr. 91/1998. Fjallað verður sérstaklega um nýlegar breytingar á lögum um yfirséðar, sbr. lög nr. 96/1998. Nýlegir dómar og úrskurðir yfirséðar er varða málsmeðferð. Ein.: 5,25.

Kennari: Kristján Gunnar Valdimarsson lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík. Tími: 9. nóv. kl. 8:30-12:00.

164. Virðisaukaskattur

Almennar reglur um virðisaukaskatt og helstu nýjungar á því sviði. Nýlegir dómar og úrskurðir yfirséðar um virðisaukaskatt. Ein.: 5,25. Kennari: Kristín Norðfjörð lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá skattstjóranum í Reykjavík.

Tími: 10. nóv. kl. 8:30-12:00.

165. Skattamál - nýlegir úrskurðir og dómar

Úrskurðir yfirséðar, álitgerðir umboðsmanns Alþingis og dómar sem

fallið hafa á síðustu mánuðum. Yfirlit yfir þau viðhorf sem uppi eru á þessu sviði. Nýtt ítarlegt námsefni lagt fram. Ein.: 5,25.

Kennari: Steinþór Haraldsson lögfræðingur ríkisskattstjóra.

Tími: 18. nóv. kl. 16:00-19:30.

Verð: 6.400 kr.

166. Alþjóðlegur skattaréttur - Tvísköttunarsamningar, túlkun þeirra og beiting

Ætlað endurskoðendum, lögmonnum og fjármálastjórum fyrirtækja. - Ákvæði íslenskra laga er varða tvísköttun, þ.á m. ákvæði tekjuskattslaga, tvísköttunarsamninga og helstu ákvæði samningslíkans OECD um tvísköttun. Ein.: 9.

Kennari: Garðar Valdimarsson hdl. og löggiltur endurskoðandi hjá Skattar og ráðgjöf ehf.

Tími: 6. og 8. des. kl. 16:00-19:00 kr.

Verð: 9.200 kr.

167 og 168. Skattamál - Nýlegar breytingar

(Þeir sem ætla í fjarkennslu skrái sig á 168.) Nýlegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt. Farið yfir breytingar á öðrum lögum sem varða skatta og atriði sem tengjast framtalsgerð vegna tekjuársins 1999. Ein.: 4,5.

Kennari: Árni Tómasson viðskiptafræðingur, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte og Touche hf. og stundakennari við HÍ.

Tími: 20. jan. kl. 16:00-19:00.

Verð: 6.200 kr.

169. Sjóðstreymi

Ætlað endurskoðendum, aðalbókurum og öðrum sem vilja fylgjast með þróun í

gerð reikningsskila. - Gerð sjóðstreymis, breytingar Reikningsskilaráðs á reglum um gerð sjóðstreymis og rökin fyrir þeim. Hvernig túlka ber meginniðurstöður í yfirliti um sjóðstreymi. Farið yfir umfangsmikið verkefni í gerð sjóðstreymis. Ein.: 5,25.

Kennari: Stefán Svavarsson dósent og löggiltur endurskoðandi.

Tími: 25. jan. kl. 15:30-19:00.

Verð: 5.900 kr.

Frekari upplýsingar veitir Elín Björg Héðinsdóttir Endurmenntunarstofnun HÍ. Dunhaga 7, 107 Reykjavík Sími: 525-5295 Bréfasími: 525-4080

Námskeið fyrir félagsmenn FLE.

Á haustmánuðum verða haldin tvö námskeið á vegum félagsins og mun Stefán Svavarsson hafa umsjón með þeim báðum. Á báðum námskeiðum verður fjöldi þátttakenda miðaður við 15-20 manns. Gert er ráð fyrir að námskeiðin taki 2-3 klst. hvort en þau verða haldin að Suðurlandsbraut 6 á sama gangi og skrifstofa FLE er til húsa.

Fyrri námskeiðið verður haldið 21. október kl. 15.00 og verður þar fjallað um tekjuskattsskuldbindingu. Fyrir námskeiðið verður þátttakendum sent verkefni til úrlausnar og verður farið yfir verkefnið og niðurstöður ræddar á námskeiðinu.

Síðara námskeiðið verður haldið 18. nóvember kl. 15.00 og verður þá fjallað um sameiningu félaga og meðferð eigin fjár í ársreikningum.

Hinsta kveðja.

Eyjólfur Sverrisson löggiltur endurskoðandi fæddur 15. maí 1939, lést á Landspítalanum laugardaginn 3. júlí síðastliðinn, liðlega 60 ára. Foreldrar hans voru Sverrir Samúelsson bifreiðaeftirlitsmaður og Ellen Eyjólfsdóttir

verslunareigandi. Þau eru bæði látin. Hinn 15. febrúar 1964 kvæntist Eyjólfur Margréti Jóhannsdóttur fæddri 30. ágúst 1940 og eignuðust þau þrjú börn. Eyjólfur varð löggiltur endurskoðandi árið 1966 og starfaði við fagið, fyrst

sjálfstætt, síðan hjá Ríkisskattstjóra en lengst af hjá Þjóðhagsstofnun. Félag löggiltra endurskoðenda sendir eftirlifandi eiginkonu, börnum, tengdabörnum og barnabörnum samúðarkveðjur.



Áhugaverðir úrskurðir:

Úrskurður nr. 303/1999

Málið snerist um bifreiðahlunnindi. Kærandi var eigandi og stjórnandi bifreiðar sem notuð hafði verið í rekstri blóma-búðar kæranda en jafnframt til einkanota. Skattstjóri færði til tekna verðmæti hlunninda af einkanotum kæranda af bifreiðinni. Kærandi og maki hennar, sem jafnframt var eigandi og framkvæmdastjóri blóma-verslunarinnar, voru ekki skráðir eigendur ökutækis á þeim tíma sem málið varðar. Kærandi rökstuddi mál sitt með þeim hætti að bifreiðin hafi verið geymd á heimili kæranda af öryggisástæðum og einnig sé hluti starfstöðvar á heimili kæranda. Þá hafi kærandi þurft að sækja blóm til heildsala annaðhvort seint á kvöldin eða eldsnemma á morgnana. Dreifing blóma-sendinga til viðskiptavina færi einnig fram á ýmsum tímum sólarhringsins en hún væri í höndum kæranda. Yfirskattanevnd taldi að um hlunnindi væri að ræða og full umráð bifreiðar. Yfirskattanevnd áréttaði að skilja yrði skattmatsreglur ríkisskattstjóra á þann veg að bifreiðafnot skuli metin til tekna eftir reglum um takmörkuð afnot ef eingöngu er um að ræða akstur milli heimilis og vinnustaðar, svo og önnur tilfallandi og einstök afnot, en til fullra umráða ef afnotin eru ekki bundin við framangreint. Aðstæður kæranda yrðu ekki taldar koma í veg fyrir að kærandi gæti haft frekari afnot bifreiðar en þau samkvæmt skattmatsreglum ríkisskattstjóra teldust vera takmörkuð afnot. Yfirskattanevnd féllst á að árið 1996 hafi kærandi ekki haft hlunnindi af notkun bifreiðarinnar þar sem á ársreikningi fyrir árið 1996 hafi ekki verið gjaldfærð nein útgjöld vegna bifreiðarinnar og þeirri staðhæfingu hafi ekki verið mótmælt af hálfu ríkisskattstjóra. Álag var fellt niður.

Úrskurður nr. 277/1999

Kærandi taldi ekki til skatts innan framtalsfrests árin 1997 og 1998 þar sem endurskoðandi hans skilaði ekki inn ofangreindum skattframtölum. Yfirskattanevnd féllst ekki á kröfu kæranda um niðurfellingu álags þar sem skattframtal kæranda barst skattstjóra þegar álagningu opinberra gjalda árið 1998 var lokið. Að mati yfirskattanevndar var ekki hægt að fella niður álag á grundvelli 3. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981 þar sem síðbúin framtalsskil kæranda árin 1997 og 1998 áttu rætur að rekja til sömu atvika. Framteljendur geta almennt ekki losnað undan ábyrgð á því að skattframtal þeirra berist skattstjóra á réttum tíma með því að fela öðrum framtalsgerðina.

Úrskurður nr. 268/1999

Málið varðaði frádráttarbæran rekstrar-kostnað. Yfirskattanevnd samþykkti námskeiðskostnað vegna forstjóra fyrirtækis á viðamiklu stjórnunarnámskeiði erlendis sem frádráttarbæran rekstrar-kostnað. Yfirskattanevnd horfði til starfshlutverks þess starfsmanns er sótti námskeiðið, að ekki eingöngu kostnaður vegna styttri námskeiða kæmi til álita sem frádráttarbær rekstrar-kostnaður og að gert væri ráð fyrir ferðum starfsmanna vegna þjálfunar og náms í skattmatsreglum ríkisskattstjóra um dagpeninga. Ekki var fallist á að leiga á íþróttasal fyrir starfsfólk teldist til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar. Kostnaður vegna íþróttaiðkunar starfsfólks hefði í úrskurðarframkvæmd ekki

verið talinn til frádráttarbærs rekstrar-kostnaðar. Ekki þótti tækt að skýra ákvæði 7. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar sem fram kemur að kostnaður við almenna fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu og almenna heilsubótaraðstöðu teljist til rekstrarkostnaðar, rýmri skýringu en felst í beinu orðalagi þess. Ekki var fallist á niðurfellingu álags.

Úrskurður nr. 1211/1998

Yfirskattanevnd féllst ekki á að gjaldfærsla framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð takmarkaðist við 6% af reiknuðu endurgjaldi. Í úrskurðarframkvæmd hefði þvert á móti verið miðað við að gjaldfærsla mótfamlags atvinnurekenda væri ekki bundin við 6% af reiknuðu endurgjaldi.

Úrskurður nr. 286/1999

Yfirskattanevnd áréttaði að ákvæði 1. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1981 hefði verið skýrt með þeim hætti að gjaldfærsla atvinnurekenda á mótfamlagi í lífeyrissjóð væri ekki bundin við 6% af fjárhæð reiknaðs endurgjalds og annarra launagreiðslna. Ríkisskattstjóri vísaði í kröfugerð sinni til úrskurðar yfirskattanevndar nr. 1211 frá 18. desember 1998 og féllst af þeim sökum á kröfu kæranda enda þætti umdeild gjaldfærsla nema ásættanlegu hlutfalli af viðmiðunarfjárhæð vegna tekjuársins 1997 eða 8%.



Áhugavert erlent lesefni og vefsíður

FLE berst mikið af tímaritum og bæklingum erlendis frá. Rit þessi liggja ýmist frammi á skrifstofu félagsins, eða þá að uppgefnir eru slóðar inn á vefsíður þar sem nálgast má lesefnið og / eða nánari upplýsingar.

Erlent lesefni sem borist hefur er m.a. :

Frá IASC (International Accounting Standards Committee):

Alla alþjóðareikningsskilastaðlana má nú fá á geisladiski. Þá má nálgast á Email: iasc@iasc.org.uk eða vefsíðu <http://www.iasc.org.uk>

Discussion Paper, august 1999. G4+1 Position Paper: Reporting Financial Performance.

A Discussion Paper issued for comment by the Staff of the International Accounting Standards. Eintök af bókinni má nálgast beint til IASC's Publications Department, International Accounting Standards Committee, 166 Fleet Street, London EC4A 2DY, United Kingdom. Tel: +44 (0171) 427-5927. Fax: +44 (0171) 353-0562, E-mail: publications@iasc.org.uk Heimasíðan er: www.iasc.org.uk. Uppgefið verð er kr. US \$17.

Frá IFAC (International Federation of Accountants)

Vefsíðan er <http://www.ifac.org>. Ógrynni öll af lesefni berast frá IFAC og allt er það aðgengilegt á heimasíðunni þeirra.

Frá Englandi og Wales: (The Institute of Chartered Accountants in England & Wales)

FLE barst geisladiskur þar sem er að finna „The 21st Century Annual Report“ frá The Institute of Chartered Accountants in England & Wales.

Vefsíðan þeirra er www.icaew.co.uk/cbp og þar benda þeir endurskoðendum sérstaklega á að lesa um „a missed opportunity?“

Frá FEE (Fédération des Experts Comptables Européens)

Vefsíða Fee Euro Information Services er: hyperlink <http://www.euro.fee.be> Hin geypistóru Fee-samtök gefa út bæklinga um allt hugsanlegt efni tengt Evrópumálum.

Þar má nefna: „The Business & Accounting Software Developers Association (BASDA)“, „Hyperion Solutions“, „The European Commission“, „Towards a Generally Accepted Framework of Environmental Reporting“ og „Discussion Paper on a Financial Reporting Strategy Within Europe“.

Fee óskaði eftir að FLE benti félagsmönnum sínum á að frekari upplýsingar um útgáfumál samtakanna mætti finna á vefsíðu samtakanna. Þar geta menn þannig séð eintök af því efni sem þeir hafa áhuga á að eignast.

FAR (Föreningen Auktoriserade Revisorer I Sverige).

Frændur okkar í Svíþjóð eru duglegir í útgáfumálum og eru bæklingar af ýmsu tagi til hér á skrifstofu FLE sem og tímarit, fréttabréf og blaðaúrklippur.

Vefslóði á heimasíðu FAR er: www.far.se

FSR (Förningen af Statsautoriserede Revisorer I Danmark)

Tímarit og blaðaúrklippur berast reglulega. Vefslóði á heimasíðu FSR er: www.fsr.dk

DnR (Den norske Revisorforening)

Fréttabréf berast reglulega. Vefslóði á heimasíðu DnR er: www.revisornett.no

CGR (Föreningen CGR)

Efni berst reglulega frá Finnlandi. Vefslóði á heimasíðu CGR er: www.kht.fi

Hér er ekki um tæmandi talningu að ræða. Þeir félagsmenn FLE sem vilja líta á það efni sem berst eru hvattir til að koma við á skrifstofunni.

Áhugavert innlent lesefni og vefsíður

FLE berst mikið af innlendu lesefni. Rit þessi liggja ýmist frammi á skrifstofu

félagsins, eða þá að uppgefnir eru slóðar inn á vefsíður þar sem nálgast má lesefnið og / eða nánari upplýsingar.

Frá yfirkattanefnd

Heimasíðu yfirkattanefndar má finna á slóðinni www.yskn.is. Þar er m.a. að finna birta úrskurði ríkisskattanefndar frá árunum 1990-1992 og úrskurði yfirkattanefndar frá árinu 1997, sem birtir hafa verið í Skatta- og tollatíðindum. Auk þess hefur verið sett upp leitarvél til leitar í úrskurðum. Þá eru á heimasíðunni ýmsar upplýsingar sem varða starfsemi yfirkattanefndar.

Frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Komið hafa fram tæknilegir erfiðleikar og jafnvel tæknilegur ómöguleiki af hálfu tölvufyrirtækja til að fjölfalda tölvudisklinga viðskiptaráðuneytisins með sýnishornum af samþykktum og fleiri stofngögnum hlutafélaga og einkahlutafélaga. Ráðuneytið bendir áhugasömum aðilum á að nálgast megi sýnishornin í rafrænu formi á heimasíðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytanna.

Slóðinn er www.stjr.is

Annað áhugavert innlent efni

Frá fjármálaráðuneyti, Skatta- og tollatíðindi, Fjármálatíðindi, Lögbirtingarblaðið, Stjórnartíðindi, Viðskiptablaðið o.fl.

Til sölu á skrifst. FLE

„Handbók endurskoðenda“.

Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-

„Íðorðaskrá endurskoðenda“.

Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-

„FEE- The SME business guide to the Year 2000“.

Höf: Lynn Craig og Mike Kusmirak.

Útg. Cambridge Publishers Ltd., 1998.

Verð kr. 1.600,-

IASC International Accounting Standards 1999, incl. IAS 39.

Verð kr. 4.799,-

IFAC HANDBOOK 1999

– Technical Pronouncements.

Verð kr. 4.799,-



Áhugaverðar heimasíður

Alþingi Íslendinga.	www.althingi.is
Félag löggiltra endurskoðenda.	www.ncd.is/fle
Ríkisskattstjóri	www.rsk.is
Yfirskattanefnd.	www.yskn.is
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti FEE-Evrópusamb. endurskoðenda	www.fee.be www.euro.fee.be
IFAC-Alþjóðasamtök endursk.	www.ifac.org
IASC-Alþjóðl. reikningsskilaráðið	www.iasc.org.uk

International Accounting Standards 1999, incl. IAS 39.

Nú er komin ný og endurbætt útgáfa af International Accounting Standards 1999, incl. IAS 39.

Meðal efnis er:

- IASC.s Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements;
- The Preface to Statements of International Accounting Standards;
- All International Accounting Standards at January 1999, including up to IAS 39 (effective 1 January 2001);
- A Revised International Accounting Standard IAS 22, Business Combinations, effective 1. July 1999;
- All SIC Final Interpretations (SIC-1 to SIC 16);
- A History of International Accounting Standards;
- A Glossary of Terms;
- An Index.

Staðlarnir eru til sölu á skrifstofu FLE. Verð kr. 4.799,- m/vsk. Það er óbreytt verð.

Þeir sem hafa áhuga á að fá þessa nýjustu útgáfu er vinsamlegast beðnir að nálgast eintakið hér.

Skrifstofa FLE

IFAC HANDBOOK 1999 – Technical Pronouncements.

FLE hefur borist ný og endurbætt útgáfa af IFAC HANDBOOK 1999, Technical Pronouncements.

Bókin er alls 988 blaðsíður og meðal efnis er:

- International Federation of Accountants (General Information);
- Statements of Policy of Council;
- Recognition of Professional Accountancy Qualifications;
- International Professional Practice Statements;
- Assuring the Quality of Professional Services;
- Auditing;
- Ethics;
- Education;
- Financial and Management Accounting;
- Membership;
- Public Sector.

Efni hefur verið aukið frá síðustu útgáfu 1998. Þar er helst að nefna:

- A new IAS on Communications of Audit Matters with those Charged with Governance;
- A revised ASA on Going Concern;
- A revised IAS on Special Considerations in the Audit of Small Entities;
- An IT Guideline on Managing Information Technology Planning for Business Impact;
- Summaries of Education Study 2, An Advisory on Education and Training of Technical Accounting Staff and a Discussion Paper entitled Practical Experience;
- Summaries of Financial and Management Accounting studies on The Measurement and Management of Intellectual Capital, Codifying Power and Control: Ethical Codes in Action, Enhancing Shareholder Wealth by Better Managing Business Risk, and Target Costing for Effective Cost Management.

Staðlarnir eru til sölu á skrifstofu FLE. Verð kr. 4.799,- m/vsk. Það er óbreytt verð.

Þeir sem hafa áhuga á að fá þessa nýjustu útgáfu eru vinsamlegast beðnir að nálgast eintakið hér.

Einnig er hægt að nálgast bókina á heimasíðu IFAC: www.ifac.org

Til hamingju með afmælið!

75 ára þann 23.08.1999 Eyjólfur K. Sigurjónsson Endursk. Flókagötu hf

65 ára þann 02.08.1999 Gísli Torfason Endursk. Gísli Torfasonar

65 ára þann 26.11.1999 Atli Hauksson Endursk.stofan Alfa ehf.

60 ára þann 22.11.1999 Sveinn Sæmundsson Endursk. Sveins Sæmundss.

60 ára þann 09.12.1999 Valur Franklín Endursk. Björns E. Árnasonar

50 ára þann 02.08.1999 Lilja Steinþórsdóttir Seðlabanki Íslands

50 ára þann 10.08.1999 Guðmundur Hannesson Endurskoðendastofan ehf.

50 ára þann 11.08.1999 Karlotta B. Aðalsteinsdóttir Lyfjadreifing hf.

50 ára þann 20.08.1999 Sigurður G. Jósafatsson Endurskoðendur ehf.

50 ára þann 07.09.1999 Guðmundur E. Kjartansson Löggiltir endursk. Vestfjörðum hf.

50 ára þann 13.11.1999 Rúnar B. Jóhannsson Endurskoðendaþjónustan

50 ára þann 02.12.1999 Þorsteinn Haraldsson Endursk.st. Skólavörð-

ust.12 ehf

50 ára þann 09.12.1999 Jónatan Ólafsson Íslandsbanki

40 ára þann 14.08.1999 Margrét G. Flóvenz Ernst & Young

40 ára þann 11.09.1999 Arnar Árnason KPMG endursk. Akureyri

40 ára þann 17.09.1999 Ómar H. Björnsson BDO Endursk. ehf.

40 ára þann 27.09.1999 Lárus Finn- bogason Deloitte & Touche hf.

40 ára þann 10.10.1999 Helga Harðardóttir Ernst & Young

40 ára þann 10.11.1999 Guðrún Torfhildur Gísladóttir Borgarendurskoðun

40 ára þann 17.12.1999 Björg Sigurðardóttir Deloitte & Touche hf.

30 ára þann 21.09.1999 Hafdís Böðvarsdóttir KPMG endursk.

Frjálst er að nota efni blaðsins að hluta til eða í heild ef heimildar er getið.